

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga samkv. 35. gr., jafnlangan tíma og sjómannaölög ákveða hverju sinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 46. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1967, bætist nýr töluliður, sem verði f-liður og hljóði svo:

f. Að greiða bætur skv. 53. gr., enda renni iðgjöld sjúkratrygginga, sem útgerðarmenn greiða og/eða ríkissjóður og sveitarsjóðir þeirra vegna, til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

3. gr.

Ný gr., sem verði 53. gr. laganna, bætist við, en töluröð annarra greina breytist í samræmi við það:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum sjúka fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga sjúkrasamlags samkvæmt 50. gr., jafnlangan tíma og sjómannaölög ákveða hverju sinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.